

63

16. ágúst

## AUGLÝSING

um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Frakklands.

Með erindaskiptum í París hinn 7. júlí 1960 var viðskiptasamningur Íslands og Frakklands frá 6. desember 1951 (Stj.tíð. A. 122/1951) framlengdur til 31. desember 1960.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi viðskiptum milli landanna á svipuðum grundvelli og verið hefur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 16. ágúst 1960.*

Gylfi P. Gíslason.

*Hörður Helgason.*

64

29. ágúst

## AUGLÝSING

um framlengingu viðskiptasamnings Íslands og Ísrael.

Hinn 9. ágúst 1960 var viðskiptasamningur milli Íslands og Ísrael frá 18. maí 1953 (Stj.tíð. A. 60/1953) framlengdur til 31. desember 1960. Framlenging fór fram með erindaskiptum milli sendiráða Íslands og Ísraels í Stokkhólmi.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 29. ágúst 1960.*

Gylfi P. Gíslason.

*Hörður Helgason.*

65

5. sept.

## AUGLÝSING

um framlengingu greiðslusamnings milli Íslands og Tékkóslóvakíu.

Hinn 31. ágúst 1960 var framlengdur í Reykjavík greiðslusamningur milli Íslands og Tékkóslóvakíu frá 31. ágúst 1954 (Stj.tíð. A. 86/1954) til 31. desember 1960.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 5. september 1960.*

Guðm. Í. Guðmundsson.

*Henrik Sv. Björnsson.*